

**STÆKKUN OLÍUBIRGÐASTÖÐVAR
OLÍUDREIFINGAR EHF. Á LITLA-SANDI,
HVALFJARÐARSVEIT**

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun olíubirgðastöðvar Olíudreifingar ehf. á Litla-Sandi, Hvalfjarðarsveit, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingarleyfi Hvalfjarðarsveitar, skv. skipulags- og byggingarlögum og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun sem kynnt hefur verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 17. ágúst 2009.

15. júlí 2009

Skipulags
stofnun

INNGANGUR

Þann 29. maí 2009 tilkynnti Olúdreifing ehf. til Skipulagsstofnunar fyrirhugaða stækkun á olfubirgðastöðinni á Litla-Sandi í Hvalfjarðarsveit samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hvalfjarðarsveitar, Brunamálastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins.

Umsagnir bárust frá Hvalfjarðarsveit með bréfi móttæknu 13. júlí 2009, Brunamálastofnun með bréfum dags. 26. júní og 13. júlí 2009, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags 18. júní 2009, Umhverfisstofnun með bréfum dags. 23. júní og 1. júlí 2009, og Vinnueftirliti ríkisins með bréfi dags. 15. júní 2009.

Frekari upplýsingar bárust frá Olúdreifingu með tölvupóstum dags. 26. og 29. júní 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að núverandi olfubirgðastöð á Litla-Sandi hafi áður verið 110.000 m³ en sé nú 60.000 m³. Fyrirhugað sé að flytja 15.000 m³ olúgeymi frá Seyðisfirði og koma honum fyrir í birgðastöðinni að Litla Sandi. Einnig verði reistir tveir 8.200 m³ nýir geymar á sama stað. Þrær fyrir tankana séu til staðar, en þróargarða þurfi að hækka. Fram kemur að efni til að hækka þrærnar verði tekið innan úr þrónum. Að framkvæmdum loknum verði birgðastöðin því alls 91.200 m³.

Fram kemur að hafnaraðstaða, löndunarlagnir, gufusöfnunarlagnir, bensíngufuendurvinnslubúnaður, slökkvikerfi, girðingar, vaktkerfi og annar búnaður sé til staðar í stöðinni og að ekki þurfi að auka við hann vegna nýrra geyma.

Áhrif á grunnvatn og andrúmsloft. Fram kemur að fastur og fljótandi úrgangur, sem myndist við hreinsun á geymum sé endurunninn í úrgangsolúfhreinsun Olúdreifingar í Örfirisey. Þá sé undantöppun safnað í ker og endurunninn. Gufur frá geymum fari í gegnum fyrirbyggjandi gufuhreinsibúnað, sem uppfylli kröfur ESB og losun gufu í andrúmsloftið sé hverfandi. Því verði áhrif framkvæmdanna á vatn og loft hverfandi.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdirnar verði innan svæðis sem afmarkað hafi verið fyrir starfsemina í skipulagi.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Hvalfjarðarsveit, Brunamálastofnun, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Umhverfisstofnun og Vinnueftirlit ríkisins telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á grunnvatn. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til þess að hafa bein áhrif á vatnsból, sem þjóni starfsemi á Mið-Sandi. Svæðið sem geymar Olúdreifingar standi á og ætlað er þremur nýjum geymum sé afmarkað og girt af með hárrí girðingu, auk þess sem svæðið sé vaktað.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að reisa eigi aðflutta geyminn og tvo nýja geyma á þróum sem séu til staðar. Telur Umhverfisstofnun að færa þurfi rök fyrir því að nægjanlegt efni sé innan þróanna til hækkunar þróargarða. Upplýsingar þurfi um hvaða efni sé til staðar í þrónum, efnisþykkt þess og hver lekt efnisins sé. Bendir stofnunin á að samkvæmt reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, skuli lágmarksþykkt jarðvegs til þéttingar í botni þróar vera 15 sm og æskilegt sé að hlífðarlag sé sett á þéttilagið.

Í svari sínu bendir Olíudreifing á að Umhverfisstofnun hafi þegar fallist á umrædda framkvæmd gagnvart byggingaryfirvöldum og þar með mengunarvarnir hennar og stofnunin hafi undir höndum öll gögn sem sú ákvörðun hafi byggst á. Búið sé að gera grein fyrir efnisgerð og lekt þróa stöðvarinnar og þess efnis sem í þrónum sé, í tengslum við nýlegar endurbætur stöðvarinnar.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnuninni hafi borist skýrsla þar sem metin var lekt þeirra jarðefna sem myndi þró og undirlag olíugeyma olíubirgðastöðvarinnar að Litla-Sandi. Samkvæmt þeim upplýsingum sé lekt jarðlaganna ásættanleg miðað við kröfur reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, ef rétt sé staðið að þjöppun efnisins.

Áhrif á öryggi. Í umsögn Hvalfjarðarsveitar er lögð áhersla á öryggismál í tengslum við rekstur birgðastöðvarinnar. Bent er á að í tilkynningu hefði mátt fjalla ítarlegar um þrær, sem til staðar séu (m.a. efnisgerð, þéttleika). Í næsta nágrenni við birgðastöðina sé m.a. efnistaka, hvalstöð, landbúnaður og ferðaþjónusta. Mikilvægt sé að öll starfsemi geti þrífist á svæðinu.

Í umsögn sinni bendir Umhverfisstofnun á að ekki sé ljóst hvort hinir nýju geymar verði í aðskildum þróum eða innan þeirra þriggja þróa, sem nú séu í notkun. Uppdráttur, sem fylgi tilkynningu og sýni væntanlega staðsetningu nýrra geyma sé óskýr og ekki komi fram upplýsingar um fjarlægðir frá geymum til annarra mannvirkja. Við núverandi aðstæður sé fullnægjandi fjarlægð frá birgðatönkum að mannvirkjum þar sem fólk dvelji, en ekki sé ljóst hvort svo verði þegar þremur nýjum tönkum hafi verið bætt við.

Í svari Olíudreifingar kemur fram að fyrirhuggjandi þrær verði hækkaðar og fjarlægðir í önnur mannvirki muni því ekki breytast. Áhætta í rekstri birgðastöðvarinnar sé fyrst og fremst tengd upphafi og lokum hveftrar skipakomu, en ekki nema að litlu leyti þeim tíma sem verið sé að dæla olíu úr skipi. Fyrirhuguð stækkun muni ekki leiða til fjölgunar skipakoma að neinu marki, heldur muni hver farmur stækka, en lestunar- og losunarflæði verði óbreytt. Fram kemur að birgðarými Olíudreifingar í Hvalfirði og Örfirisey sé áþekkt, en minni hreyfing sé á eldsneyti í Hvalfjarðarstöðinni. Þar sé engin bílaáfylling og áhættan sé því örugglega minni í Hvalfjarðarstöðinni en í Örfirisey og því megi gera ráð fyrir því að áhættufjarlægðir í kringum stöðina í Hvalfirði verði aldrei meiri en gagnvart olíubirgðastöðinni í Örfirisey. Í áhættumati fyrir Örfirisey hafi verið notuð bresk viðmið, sem geri ráð fyrir að fjarlægð að annarri iðnaðarstarfsemi skuli vera um 100 metrar. Starfsemi Hvals hf í Hvalfirði sé í 400 metra fjarlægð frá olíubirgðastöðinni og álykta megi að áhættan af birgðastöðinni verði hverfandi.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ýtarlegri upplýsingar Olíudreifingar leiði í ljós að fjarlægðir frá geymum að öðrum mannvirkjum í nágrenni birgðastöðvarinnar verði ásættanlegar. Umhverfisstofnun bendir á að skv. öryggisskýrslu fyrir birgðastöðina sé helsta hættan fólgin í mögulegri sprengingu í geymum eða þróum stöðvarinnar. Verði sprenging geti bílar orðið fyrir höggbylgju á

150 metra kafla á nærliggjandi þjóðvegi, en 1,8 % líkur séu til þess að bíll verði staddur á þeim vegarkafli ef til sprengingar komi. Telur stofnunin að þótt litlar líkur séu á að bíll verði fyrir höggbylgju ætti að skoða möguleika á gerð jarðvegsmanar eða samsvarandi mannvirkis, sem myndi skýla bílum fyrir slíku höggi.

Í umsögn Brunamálastofnunar kemur fram að mikilvægt sé að meta áhættu birgðastöðvarinnar í heild sinni og útbúa viðbragðsáætlun í samráði við viðkomandi slökkvilið og almannavarnanefnd svæðisins. Eðlilegt sé að slíkt verði skilyrt í leyfum fyrir birgðastöðina, rekstri hennar og flutningum efnis jafnt innan hennar sem til og frá stöðinni. Gera þurfi grein fyrir hvernig slökkvilið eigi að bregðast við eldi, tefja fyrir útbreiðslu efna sem sleppi út í umhverfið fyrir slysi og hvernig staðið verði að flutningi efna til og frá birgðastöðinni. Telur Brunamálastofnun að í tilkynningu vanti m.a. upplýsingar um veðurfar, neyðaráætlun, varnir og viðbúnað. Nauðsynlegt sé að fram komi hversu miklar froðubirgðir sé til ráðstöfunar og að lagt sé mat á hvort þær séu nægar til að ráða við verstu tilvik.

Í svari Olíudreifingar er bent á að umsögn Brunamálastofnunar sé um öryggisskýrslu, sem send hafi verið með tilkynningu til Skipulagsstofnunar, til upplýsingar um núverandi starfsemi, en umsögnin fjalli ekki um hvort fyrirhuguð framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Brunamálastofnun hafi áður fengið til umsagnar og samþykkt viðbragðsáætlanir og aðgerðaráætlanir vegna bruna og stofnunar hafi einnig fengið framkvæmdaupprætti, sem sendir hafi verið byggingarfulltrúa á sínum tíma.

Í frekari umsögn Brunamálastofnunar kemur fram að í svari Olíudreifingar ehf. komi ekki fram efnisatriði sem breyti umsögn Brunamálastofnunar. Bent er á að umsögn Brunamálastofnunar eigi eingöngu við um þau atriði sem tengjast lögum nr. 75/2000 um brunamál.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækkun á olíubirgðastöð Olíudreifingar að Litla-Sandi í Hvalfjarðarsveit. Flytja á 15.000 m³ olúgeymi frá Seyðisfirði og koma honum fyrir í birgðastöðinni. Jafnframt verði reistir tveir 8.200 m³ nýir geymar á sama stað. Þrær fyrir tankana eru til staðar, en hækka á garða í kringum þær. Efni til að hækka þrærnar verður tekið innan úr þrónum. Með framkvæmdunum stækkar olíubirgðastöðin á Litla-Sandi úr 60.000 m³ í 91.200 m³. Fyrr á árum var stöðin 110.000 m³ að stærð.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Við málsmeðferð Skipulagsstofnunar hefur komið fram að fyrirhuguð uppsetning á olúgeymum verður að öllu leyti innan þess svæðis, sem núverandi geymar Olíudreifingar standa á og innan þeirra þróa, sem gerðar hafa verið við birgðastöðina. Fyrir liggur að lekt jarðlaga uppfylli kröfur reglugerðar um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi og ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á vatnsból. Jafnframt liggur fyrir að samkvæmt áhættumati verður fjarlægð frá geymum að öðrum mannvirkjum í nágrenni birgðastöðvarinnar ásættanleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Olíudreifingar ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Olíudreifingar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun olíubirgðastöðvar

Olíudreifingar ehf. á Litla-Sandi, Hvalfjarðarsveit, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingarleyfi Hvalfjarðarsveitar, skv. skipulags- og byggingarlögum og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun sem kynnt hefur verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 17. ágúst 2009.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson

